147. löggjafarþing 2017–2018.
Þingskjal 186 — 131. mál.

Svar

fjármála- og efnahagsráðherra við fyrirspurn frá Birni Leví Gunnarssyni um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins.

1. *Hvenær verður lokið við skýrslu um erlenda áhrifaþætti bankahrunsins og hvenær verður hún birt opinberlega?*

Samkvæmt upplýsingum frá viðsemjanda má gera ráð fyrir að gerð skýrslunnar og yfirlestri ljúki innan tíðar. Efnistök og birting eru á ábyrgð verksala.

2. *Hvenær bar að skila skýrslunni samkvæmt verksamningi?*

Fjármála- og efnahagsráðuneytið gerði árið 2014 samning við Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands um 10 millj. kr. styrk vegna verkefnisins. Gert var ráð fyrir verklokum í júlí 2015.

3. *Hvenær og hve mikið hefur verksali fengið greitt fyrir verkið og hve mikið er ógreitt?*

Greiddar hafa verið 7,5 millj. kr. vegna verkefnisins í samræmi við samninginn. Samkvæmt samningnum er áætluð 2,5 millj. kr. greiðsla við verklok.

4. *Hver ákvað samningsfjárhæð fyrir verkefnið?*

Samningsfjárhæð var niðurstaða verkkaupa og verksala.

5. *Hvernig er verkstjórn og eftirliti með framgangi verkefnisins háttað af hálfu verkkaupa?*

Verkstjórn er á hendi verksala. Verkkaupi hefur fengið upplýsingar um framvindu verkefnisins meðan á vinnslu þess hefur staðið.

6. *Hverjir eru helstu verkþættir samningsins?*

Helstu verkþættir koma fram í samningnum. Þeir eru rannsókn á forsendum bandarískra seðlabankans fyrir gjaldeyrisskiptasamningum og neitun á slíkum samningum, rannsókn á forsendum breska fjármálaeftirlitisins fyrir lokun sumra banka í fjármálakreppunni 2007–2008 og björgun annarra, rannsókn á forsendum bresku ríkisstjórnarinnar fyrir að nota lög gegn hryðjuverkum til að loka íslenskum banka, og mat á tjóni íslenskra banka og fyrirtækja á skyndisölu ýmissa eigna sem knúin var fram með ákvörðunum erlendra stjórnvalda eða fyrirtækja.